

# HEIMSPEGINGAÞING Í UPPSÖLUM

## Eftir dr. Helga Pjeturss

### I.

Tvö Stokkhólmsblöð sá jeg frá deginum í gær (10. júní), og hefði einhvernima ótrúlegt þótt, að svo ný sónsk dagblöð mundi mega sjá hjer i Reykjavík. Það sem mjer þótti langmerkilegast í blöðum þessum var sú frjett, að nú sætu heimspekingar frá 10 löndum á þingi í háskólabænum Uppsölum. Í báðum blöðunum voru skopmyndir og skopvísur í samb. við þetta heimspegingaþing. En ekki hefur á íslenskum blöðum mátt sjá, eða Útvarpinu heyra, að þing þetta hætti tilðindum sæta.

Þingfrjett þessi minti mig á, að í fyrrasumar sá jeg í sónsku blaði getið um þing breskra náttúrufræðinga og heimspekinga, og fróðlegar frjettir

þaðan; hef jeg á þetta minst í hinni nýju bók minni Þónýal. Ekki virðist óliklegt, að tilefni þessa heimspegingaþings í Lundi nú, sje nokkuð svip-að og breska þingsins sem jeg gat um í þessum sónsku blöðum frá 10. júní er gefið í skyn, að árangurinn af viðræðum spekinganna á þingi þessu sjálftill, og lítil þörf slíkra funda. En jeg hygg því fjarri fara, að það sje rjett Væri mjer mikil forvitni á nánari frjettum af þingi þessu, og þá ekki síst á því að fá að vita, hvort, eða að hve miklu leyti, skoðanir spekingar þeirra sem þarna eru samankomnir fara í sömu átt og hins fræga lífeðlisfræðings dr. A. V. Hill, sem á þessu breska þingi í fyrrasumar hafði sagt að sjer virtist svo sem mannkynið væri nú á glötunar barmi. En engar frjettir voru af því sagðar hvað hinum bresku náttúrufræðingum og heir spekingum hefði virst um horfur á að mannkyninu yrði bjargað, eða jafnvæl hvort nokkuð hefði í þá átt sagverið á því þingi.

## II.

Einn af kunnstu heimspekingum sem nú eru uppi, Bertrand Russel lá-varður, bendir í hinni nýúkomnu miklu heimspekisögu sinni á það, hve mjög er nú þörf á nýrri heimspeki; og væri ekki lítið fróðlegt að fá að vita, hvort nokkuð hefði á þessu þingi í Upps. verið sagt í sömu átt. Og ef svo hefði verið, þá hvað. En vist tel jeg, að þess hafi ekki þarna á þinginu verið getið, að hjer á Íslandi er komin fram ný heimspeki, sem hefur hlutið nafnið Hýperzóísmus, og þar sem eru, með tilstyrk nokkurrar nýrrar þekkingar, ráðnar gátur, sem heimspekingarnir hafa lengi fengist við, og mjög eru mikilsvarðandi. Sennilegra þætti mjer, að minst hefði verið á hina nýju bók enska liðsforingjans Ripley Webbs, um tilgang lífsins Jeg hef getið þessarar merkilegu bókar Webbs, bæði í Pónýal, og, seinna, í Lesbók Morgunblaðsins, og skal hjer nú enn nokkru við bætt. Á s. 137 þeirrar bókar segir svo: „a new flow of Life force, the vital power by which we live, may enter the world.“

Petta er óefað mjög í rjetta átt. Því að það er einmitt aukið aðstreymi lífsmagns og vitorku frá æðri mannkynjum annara jarðstjarna alheims-ins, sem mannkyni voru riður á umfram alt, ef á að geta tekist að umflýja, að farið verði fram af feigðar barmi.

## III.

Einn af merkilegustu andans miðnum seinni alda, Descartes, hafði verið liðsforingi áður en hann sneri sjer að heimspekinni, eins og breski liðsforinginn Ripley Webb hefur nú gert. Virðist ekki óliklegt, að Webb hafi, eftir góða framgöngu, eins og stafirnir M. C. (Military Cross) á eftir nafni hans bera vott um, særst svo að hann varð ófær til herþjónustu, og síðan snúið sjér að andlegu starfi og samningu bóka. Er auðfundið, að honum er mikið niðri fyrir, enda ekki að ástæðulausu. Því að það er alveg vafalaust, að hann hefur frá merkilegum hugsunum að segja. Og góðs viti þætti mjer það, ef vjer fengjum þær frjettir, að einhverjir af heimspekingum þeim, sem saman eru komnir á þessu — þrátt fyrir skopvísur og skopmyndir sumra sánksra blaða — óefað alt annað en þýðingarlausa þingi í Uppsólum, hefðu veitt eftirtekt hinni stórfróðlegu bók Ripley Webbs um tilgang lífsins og björgun mannkynsins.

Lest. 11.6.1947